



Ágæti kennari á námskeiði EHÍ

✓ Námskeiðsheiti - titill

Þegar námskeið er skipulagt og kynnt á vegum EHÍ er mikilvægt að hafa titil og lýsingu í góðu samræmi við efnistöð. **Titill námskeiðs þarf að endurspeglar vel viðfangsefnið og fanga athyglina** og námskeiðslýsingin þarf að vera létt læsileg og auðskiljanleg öðrum en sérfræðingum. Þetta hefur þýðingu fyrir almenna markaðssetningu því um 80.000 manns lesa námskrána.

✓ Stutt námskeiðslýsing

Í stuttri námskeiðslýsingu þarf að koma fram hvers vegna þekking á viðfangsefninu er nauðsynleg eða hvað ávinnist með því að sækja námskeiðið:

- Markmið og tilgangur námskeiðsins,
- hvað ávinnist með því að sækja námskeiðið,
- helstu efnisþættir sem farið verður í,
- kennsluáferðir,
- forkröfur eða fyrir hverja námskeiðið sé.

Þessi stutta lýsing er notuð til að markaðssetja námskeiðið á Netinu, í prentaðri námskrá og kynningarbæklingum. Hámarksclengd er 15 línur á A4 blaði.

✓ Löng námskeiðslýsing - dagskrá

Lengri og ítarlegri lýsingu eða tímasetta dagskrá þurfum við helst á sama tíma og stuttu lýsinguna, eða í síðasta lagi 2 mánuðum áður en námskeið hefst vegna frekari markaðssetningar.

✓ Markhópar

Hvert og eitt námskeið EHÍ hefur sérstöðu. Það miðast við þarfir ákveðins markhóps fyrir fræðslu og það þarf að tímasetja það í samræmi við vinnulag og óskir þeirra sem helst myndu sækja það. Við tökum mið af þessu í okkar skipulagi þ.e. þegar ákveðið er hvaða daga og hvenær dags námskeið er tímasett. Æskilegt er að kennarar á námskeiðum leggi okkur lið í markaðssetningunni t.d. við að skilgreina markhópin og þá eins vítt og kostur er og bendi okkur á fagleg tengsl sem nýta má í markaðssetningu. Við erum þakklát allri slíkri aðstoð og góðum ábendingum.

OPNAÐU NÝJAR DYR!

LÁTTU EKKERT STÖÐVA
ÞIG OG KOMDU INN

www.endurmenntun.is

